

Nr. 2/2022-2023

**Nefndarálit og þingsályktun**  
við skýrslu framkvæmdanefndar kirkjuþings 2022.

Fjárhagsnefnd þakkar framkvæmdanefnd fyrir skýrsluna. Fjárhagsnefnd átti fund með framkvæmdanefnd til að ræða efni skýrslunnar og til að fá skýringar á atriðum sem voru óljós.

Fjárhagsnefnd bendir á að samkvæmt starfsreglum um þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar nr. 56/2021-2022 er gert ráð fyrir að lögð sé fram sameiginleg skýrsla framkvæmdanefndar og biskups Íslands.

Samkvæmt erindisbréfi framkvæmdanefndar var henni ætlað að setja sér vinnureglur og verkferla (Erindisbréf framkvæmdanefndar 5. gr.). Það er ekki tilgreint í skýrslunni að það hafi verið gert. Fjárhagsnefnd saknar þess að framkvæmdanefnd hafi hvorki lagt mat á störf sín né lagt til breytingar á erindisbréfinu. Fjárhagsnefnd sýnir þessu skilning, enda starfstími framkvæmdanefndar stuttur.

Nefndin leggur til að skýrslan verði samþykkt með eftirfarandi

*þ i n g s á l y k t u n :*

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir skýrslu framkvæmdanefndar kirkjuþings vegna ársins 2022.

*Samþykkt á kirkjuþingi 11. mars 2023 og birt á opnum vef kirkjunnar sama dag.*

**Drífa Hjartardóttir** forseti kirkjuþings.